

b) Deiliskipulag íbúðarhverfis á Borg.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 48 nýjum íbúðarlóðum, 20 einbýlishúsalóðum og 28 parhúsalóðum.

Einnig er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi, skóla, sundlaug og íþróttahúsi ásamt iðnaðarhverfi fyrir léttan iðnað.

Deiliskipulag fyrir Borg frá 3. maí 2000 með síðari breytingum fellur úr gildi.

Erindi þessi hafa fengið meðferð samkvæmt 25. gr. og 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 23. september 2005.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

REGLUR

um breytingar á reglum er varða hópundanþágu.

I. KAFLI

Breyting á reglum nr. 256/2002, um hópundanþágu fyrir flokka lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða.

1. gr.

Í 2. gr., 3. gr. og 4. gr. komi „1. mgr. 15. gr.“ í stað „1. mgr. 16. gr.“.

Í 3. gr. komi „Samkeppniseftirlitið“ í stað „Samkeppnisráð“.

II. KAFLI

Breyting á reglum nr. 257/2002, um hópundanþágu fyrir flokka samninga um rannsóknir og þróun.

2. gr.

Í 2. gr., 3. gr. og 4. gr. komi „1. mgr. 15. gr.“ í stað „1. mgr. 16. gr.“.

Í 3. gr. komi „Samkeppniseftirlitið“ í stað „Samkeppnisráð“.

III. KAFLI

Breyting á reglum nr. 259/2002, um hópundanþágu fyrir flokka samninga um sérhæfingu.

3. gr.

Í 2. gr., 3. gr. og 4. gr. komi „1. mgr. 15. gr.“ í stað „1. mgr. 16. gr.“.

Í 3. gr. komi „Samkeppniseftirlitið“ í stað „Samkeppnisráð“.

IV. KAFLI

Breyting á reglum nr. 260/2002, um hópundanþágu fyrir flokka samninga um tæknilega yfirfærslu.

4. gr.

Í 2. gr., 3. gr. og 4. gr. komi „1. mgr. 15. gr.“ í stað „1. mgr. 16. gr.“.

Í 3. gr. komi „Samkeppniseftirlitið“ í stað „Samkeppnisráð“.

V. KAFLI
Lagastoð og gildistaka.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 4. mgr. 15. gr. samkeppnislaga, öðlast gildi við birtingu.

Samkeppniseftirlitinu, 27. september 2005.

Páll Gunnar Pálsson.

REGLUGERÐ

um kistur, duftker, greftrun og líkbrennslu.

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til allra líkkistna sem nota á við greftrun eða líkbrennslu í skilningi laga nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu svo og duftkerja. Jafnframt tekur hún til skilyrða fyrir framkvæmd líkbrennslu og annarra atriða þar að lútandi.

2. gr.

Markmið.

Markmiðið með reglugerð þessari er að tryggja að líkkistuframleiðendur og starfsmenn útfararstofa noti þær líkkistur og umbúnað sem getið er um í reglugerð þessari í tengslum við greftrun, líkbrennslu og flutning á líkum innan lands og utan. Þannig ætti mengun við niðurbrot kistu eða duftkers í jarðvegi og við líkbrennslu að verða í lágmarki, ásamt því að tryggja öryggi við líkbrennslu. Enn fremur miðar hún að því að skýra ákvæði, er varða framkvæmd líkbrennslu, í lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, og vera þeim til fyllingar.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

Grafarkista er líkkista sem nota skal við greftrun.

Brennslukista er líkkista sem nota skal við líkbrennslu.

Flutningsumbúnaður er líkkista og annar búnaður, s.s. líkpoki, sem nota skal til flutnings á líki milli landshluta og landa.

Duftker er kerilát sem aska látins manns er varðveitt í eða jarðsett í.

II. KAFLI

Kistur.

4. gr.

Grafarkistur.

Grafarkistur skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

Gerð: Grafarkistur skulu ekki vera lengri að utanmáli en 230 cm, ekki hærri en 80 cm og ekki breiðari en 100 cm, þar með talin handföng og sökkull (fætur). Grafarkistur skulu vera úr efni sem samlagast jarðvegi í kirkjugarði á eðlilegum tíma og hindrar ekki náttúru-